

Myndakvöld

Fimmtudaginn 18. febrúar kl. 20 verður haldin myndasýning í Skaftfellingabúð. Þar verður frumsýnd kvikmynd um selveiðar Fljótshverfinga, tekin af Þrándi Thoroddsen og Jóni Hermannssyni upp úr 1970. Að því búnu verður sýnd óklippt upptaka Heiðars Jakobssonar frá 1988 úr sláturhúsinu á Fagurhólsmýri. Eftir hlé sýnir Vigfús G. Gíslason myndir úr gönguferð sinni "Í fótspor forferðanna" um forna götu frá Eyrarbakka austur í Skaftártungu sl. sumar.

Í jöklanna skjóli

Kvikmyndasjóður Skaftfellinga lét á árunum 1952-1958 gera kvikmyndir í Skaftafellssýslum sem fjalla um horfna atvinnu-, menningar- og lifnaðarhætti auk kynningar á byggðarlögum og landslagi í sýslunum. Myndirnar tóku Vigfús Sigurgeirsson ljósmyndari og Ósvaldur Knudsen kvikmyndagerðarmaður. Myndirnar eru með íslensku tali sem er flutt og samið af Jóni Aðalsteini Jónssyni, cand. mag. Kvikmyndasjóðurinn hefur nú gefið þessar myndir út á geisladiskum. Þeir eru tveir í setti. Bætt hefur verið bæði íslenskum og enskum texta inn á myndirnar. Diskunum fylgir allitarlegur kynningarbæklingur. Þættirnir eru níu og eru misjafnlega langir: Kvöldvaka (10:55) Kolagerð (15:16) Meltekja (9:41) Fýlatekja (9:43) Aflabrögð: Veiði í sjó og vötnum (14:22) Samgöngur: Futningar á sjó (17:00) Samgöngur: Flutningar á landi og í lofti (17:36) Gegningar og mjólkurvinnsla (11:56) Úr Mýrdal í Lón (35:52). Diskarnir tveir saman í hulstri og eru seldir á 4.200 og er hægt er að nálgast þá hjá Erlu Ásgeirsdóttur í síma 861 9941 eða senda póst á netfangið skaft@skaft.is



Söngfélagið

Æfingar eru hafnar á ný eftir jólafrí. Enn er pláss fyrir söngfólk í allar raddir. Stjórnandi er Friðrik Vignir Stefánsson og formaður kórs Kolbrún Einarsdóttir, s. 618 8761.

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2009-2010

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	660 2404	armann@verktaki.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@technik.is
Stefán Bjarnason	565 3919	822 8895	stefan@seltjarnarnes.is

Varamenn

Edda Sigurðís Oddsdóttir, Hákon Jón Kristmundsson og Jón Geir Birgisson

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

1. tbl. janúar 2010

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

Skaftfellingafélagið
70 ára—21. mars 2010
Ýmsir viðburðir allt árið

Aðdragandi að stofnun Skaftfellingafélagsins
Útdráttur úr fundargerðabók

Íslandsmeistaramót í Hornafjarðarmanna
5. febrúar 2010, kl. 20

Myndakvöld
18. febrúar 2010, kl. 20

Söngfélag Skaftfellinga
Æfingar þriðjudagskvöld, kl. 20

Skálm
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Þorrablót

Skaftfellingafélagsins verður haldið **laugardaginn 23. janúar 2010** í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178 og hefst kl. 20:00
Húsið opnað kl. 19:00

Veislustjóri
Hákon Jón Kristmundsson

Einsöngur
Jóhann Friðgeir Valdimarsson
við undirleik Tómasar Guðna Eggertssonar

Glæsilegt þorrahlaðborð frá Höfðakaffi

Fjöldasöngur
Hinir landskunnu stuðboltar
Hilmar Sverrisson og Villi Guðjóns
leika fyrir dansi að borðhaldi loknu.

Eftirtaldir taka við miðapöntunum til og með 21. janúar:
Hákon J. Kristmundsson, s. 821 2115
Helgi Pálsson, s. 899 4818
Stefán Bjarnason, s. 822 8895

Aðgangur kr. 4.500
Eftir borðhald kr. 1.000

Sjötíu ára afmæli Skaftfellingafélagsins

Gleðilegt afmælisár góðir Skaftfellingar. Sjötíu ár eru um þessar mundir síðan Skaftfellingafélagið var stofnað, nánar tiltekið 21. mars 1940. Að því tilefni hefur stjórn félagsins ákveðið að minnast þess með ýmsum hætti. Verið er að skipuleggja uppákomur, eina til tvær í mánuði, frá janúar til júní og síðan verður þráðurinn tekinn upp aftur í haust.

Eins og fram kemur í fréttabréfinu hefst afmælisárið með hefðbundnu þorablóti 21. janúar, Hornafjarðarmanna 5. febrúar, myndakvöldi 18. febrúar, Skaftfellingamessu í Breiðholtskirkju á afmælisdaginn, 21. mars og afmælishófi á eftir í Skaftfellingabúð sem verður nánar auglýst í næsta fréttabréfi.

Verið er að undirbúa hagarðingamót og harmonikkuball síðasta vetrardag, 21. apríl. Í lok maí stendur til að halda vorhátíð á nýju samskomusvæði félagsins sem verið er að gera í skógarreit félagsins í Heiðmörk. Einnig er í athugun að Skálmara leggi lið og er hugmyndin að ganga milli húsa sem Skaftfellingurinn Guðjón Samúelsson teiknaði í miðborginni og e.t.v. um slóðir Kjarvals þegar vorar.

Allt þetta er í mótun og ýmislegt fleira sem betur verður sagt frá í tveimur næstu fréttabréfum og einnig á heimasíðunni skaft.is jafnóðum og mál skýrast. Einnig væri vel þegið ef félagsmenn hafa tillögur eða hugmyndir að skemmtilegum samverustundum að hafa samband við stjórnarmenn.

Með von um góðar undirtektir.

Afmæliskveðja, Stjórnin.

Gamlar heimildir

Ef þeir sem þetta lesa hafa undir höndum gamlar myndir sem tengjast starfsemi félagsins, bréf, sögur eða ljóð þætti okkur fengur að fá að taka af því afrit fyrir félagið.

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur s. 863 2087.

Skálm

laugardaga kl. 11 frá Furulundi í Heiðmörk
miðvikudaga kl. 19:30 frá Lækjarási í Stjörnugróf

skaft.is

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér skemmtilega heimasíðu félagsins sem hefur meðal annars að geyma myndir frá viðburðum síðustu ára, ferðasögur Skálmara og margt fleira.



Verkfræðipjónustan ehf. tekur að sér alla almenna verkfræðivinnu, svo sem burðarþol og lagnir, auk þess sem hún hefur séð um eftirlit og mælingar. Verkfræðipjónustan er staðsett í Reykjavík auk þess sem hún er með starfsmann á Hornafirði. Hafði samband ef ykkur vanta þá þjónustu sem við höfðum upp á að bjóða.

VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN EHF
SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 517 9050 FAX: 517 9059
NETFANG: teknik@teknik.is



Aðdragandi að stofnun Skaftfellingafélagsins

Skaftfellingafélagið í Reykjavík og nágrenni verður 70 ára á þessu ári, eða þann 21. mars nk. Skaftfellingafélagið hefur starfað óslitið allt frá stofnun þess og haldið úti margvíslegri starfsemi. Í tilefni af þessum tímamótum er ekki úr vegi að rifja upp aðdraganda að stofnun félagsins skv. upplýsingum í fundargerðarbók.

Ljóst er að stór hópur Skaftfellinga hafði sest að í Reykjavík þegar árið 1940 og þá óskuðu fjölmargir Skaftfellingar eftir því að haldið yrði Skaffellingamót í Reykjavík. Nokkrir menn voru skipaðir í nefnd árið 1940 til að undirbúa Skaftfellingamótið en á einum fundi nefndarinnar kom fram sú hugmynd að stofna í leiðinni Skaftfellingafélag í Reykjavík (og nágrenni). Oft og mikið hafði verið rætt um að stofna slíkt félag án þess að það hefði orðið að veruleika. Ákveðið var að ræða þetta á Skaftfellingamótinu 6. mars og tók Frimann Helgason að sér það verkefni. Jafnframt lá frammi á mótinu undirskriftalisti að stofnun félagsins og óskuðu þegar um 80 manns eftir að verða stofnendur. Þennan árangur skoðaði nefndin sem ótvíræðan vilja Skaftfellinga í bænum um að stofna með sér félagskap. Í kjölfarið var boðað til stofnfundar þann 21. mars 1940 í Oddfellowhúsinu og fyrir stofnfundinn tóku þeir Jóhannes G Helgason, Stefán Runólfsson og Frimann Helgason að sér að semja uppkast að lögum félagsins. Rúmlega 100 manns sóttu stofnfundinn og var þar samþykkt einróma að stofna félagið þegar í stað, kosin var stjórn og lög félagsins voru samþykkt eftir nokkrar umræður. Í fyrstu stjórn voru kjörnir þeir Helgi Bergs, Haukur Þorleifsson, Jón Kjartansson, Jóhannes G Helgason og Hjalti Jónsson (Eldeyjar-Hjalti) sem var kosinn fyrsti formaður félagsins. Í fyrstu varastjórn voru þeir Jón Guðmundsson, Guðjón Jónsson og Þorsteinn Einarsson.

Ljóst er að væntingar voru miklar um að félagið stæði að félagsfundum og samkomum fyrir Skaftfellinga í Reykjavík, en einnig beindist starfsemi félagsins allt frá upphafi að ræktun tengsla við Skaftafellssýslur og stuðningi við uppbyggingu í héraði, ekki síst á sviði menningar og lista. Fyrsta verkefni félagsins á þessu sviði var að stuðla að varðveislu legstaðar séra Jóns Steingrímssonar.

Til marks um það hversu öflug starfsemi Skaftfellingafélagsins var allt frá upphafi þá sóttu um 220 manns fyrsta opna fund félagsins sem var haldinn 26. apríl 1940 að Hótel Borg, en á þeim fundi voru m.a. haldin erindi um séra Jón Steingrímsson, rætt var um varðveislu legstaðar hans, fjallað um héraðssögu Skaftafellssýslna. Auk þess tóku menn lagið, hlýddu á einsöng og loks var stiginn dans til kl. 1 eftir miðnótt, eins og segir í fundargerðarbók.

Skaftfellingafélagið óskar öllum félagsmönnum og velunnurum nær og fjær til hamingju með afmælið